



**Kveðja frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni
og
Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur**

Við sendum hjúkrunarfræðingum á Norðurlandi og öllum þeim sem þátt taka í heilsueflingardegi kærar kveðjur.

Vorkoman er hið besta tilefni til útivistar og heilsubótar.

Fuglalífið veitir okkur sýnishorn af lífsgleði og hamingju á hlýnandi dögum. Um Ísland allt gefst tækifæri til að njóta þeirra forréttinda sem felast í fjölskrúðugri náttúrufegurð landsins.

Heilsueflingardagur í maí er rétti tíminn til að hvetja alla til heilbrigðara lífs. Með útivist, helst á hverjum degi, hreyfingu, hollum mat og lífsgleði verður ævin ánægjuríkari.

Við óskum norðlenskum hjúkrunarfræðingum til hamingju með framtakið og vonum að sem flestir láti þennan dag verða hvatningu til enn betri og hollari lífshátta.